



Grant Thornton

An instinct for growth™

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborg
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. nóvember 2024

Staðfesting á óhæði

Vegna eininga tengdum almannahagsmunum skv. 29. gr. laga nr. 94/2019 um endurskoðendur.

Yfirlýsing um óhæði

Við höfum lagt mat á þá þætti sem gætu ógnað óhæði stofunnar gagnvart Reykjavíkurborg, m.a. þá þjónustu sem stofan hefur veitt sveitarfélaginu sem ekki telst til endurskoðunartengdrar þjónustu, atburði sem átt hafa sér stað frá því síðast var lagt á mat á óhæði stofunnar eða önnur þau atriði sem fjallað er um í Siðareglum fyrir endurskoðendur á Íslandi. Við höfum sérstaklega lagt mat á hvort varrúðarráðstafanir séu fyrir hendi til að eyða ógnunum eða draga svo úr þeim að þær séu ásættanlegar, komu þær upp.

Við staðfestum hér með að Grant Thornton endurskoðun ehf. og við sjálfir erum óháðir Reykjavíkurborg og félögum sem teljast til B-hluta ársreiknings hennar vegna endurskoðunar ársreiknings 2024, bæði í reynd og ásýnd.

Þjónusta sem veitt er auk endurskoðunar

Grant Thornton endurskoðun ehf. eru kjörnir endurskoðendur flestra fyrirtækja sem teljast til B-hluta, nánar tiltekið Orkuveitu Reykjavíkur, Faxaflóahafna sf., Félagsbústaða hf., Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf., Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., SORPU bs, Strató bs. Aflvaka hf og Þjóðarleikvangs hf. Auk endurskoðunar ársreiknings Reykjavíkurborgar og framangreindra B-hluta félaga höfum við veitt eftirfarandi þjónustu:

- Staðfesting í tengslum við græna skuldabréfaútgáfu Reykjavíkurborgar.
- Staðfesting vegna félagslegrar skuldabréfaútgáfu Félagsbústaða og aðstoð við skil á skattframtali félagsins.
- Könnun á 6 mánaða uppgjöri Orkuveitu Reykjavíkur og Ljósleiðarans, staðfesting vegna skuldabréfaútbóðs, yfirferð vegna ófjárhagslegra upplýsinga, staðfesting fyrir Orkustofnun, ESB samninga o.fl. aðstoð og staðfesting á lánaskilmálum vegna skuldabréfa.
- Staðfesting vegna græns bókhalds Sporpu bs.
- Frágangur á skattframtali dótturfélags Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.
- Aðstoð við ársreikningagerð Faxaflóahafna.

Við höfum ekki veitt sveitarfélaginu eða fyrirtækjum sem teljast til B-hluta neina þá þjónustu sem telst óheimilt að veita auk endurskoðunar í samræmi við lög um endurskoðendur.

Ógnanir við óhæði

Við mat á óhæði höfum við ekki greint neinar hugsanlegar ógnanir við óhæði okkar sem gera þarf grein fyrir.



Sturla Jónsson
löggiltur endurskoðandi og eigandi
sturlaj@grantthornton.is



Davíð Arnar Einarsson
löggiltur endurskoðandi og eigandi
davide@grantthornton.is